



Opinn skógur í Brynjudal opnaður formlega



Sigurður M. Harðarson, umhverfisstjóri Icelandair Group (t.v.) og Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands klippa á borða og opna skóginn í Brynjudal formlega sem Opinn skóg (Mynd: Einar Gunnarsson).

Skógurinn í Brynjudal í Hvalfirði var formlega opnaður sem Opinn skógur laugardaginn 16. september og er hann sextándi skógurinn sem opnaður er undir merkjum Opinn skógur verkefnisins. Í tilefni opnunarinnar var efnt til hátíðardagskrár í skóginum með skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Veðrið var ekki upp á sitt allra besta við opnunina, en í skógarskjólinu skiptir það minna máli en ella og nutu gestir útiverunnar. Hófst hátíðardagskráin á því að Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Sigurður

M. Harðarson, umhverfisstjóri Icelandair Group, klipptu á borða inn í skóginn og opnuðu hann þar með formlega, en Icelandair Group er styrktaraðili Opinna skóga. Að því loknu flutti Jónatan stutt ávarp og því næst flutti Sigurður ávarp. Eftir það tók við skemmtidagskrá í skóginum. Sirkus Íslands kom og sló á léttu strengi með gestum, sérstaklega yngri kynslóðinni, en einnig gátu krakkar reynt sig við þrautabraut sem búið er að koma upp í skóginum.

(framhald á bls. 3)

Heimur skóga



Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands sátu nú í maí fund skógræktarfélaga í Evrópu sem haldinn var í Þýskalandi og lesa má um í öðru tölublaði Laufblaðsins 2017. Var fundurinn haldinn samtíða aðalfundi Þýska skógræktarfélagsins, sem að þessu sinni hafði yfirskriftina *Die Welt braucht Wald* - „Heimurinn þarfnast skóga“. Á aðalfundinum voru saman komnir um 1.200 fulltrúar flestra aðila skógargeirans – skógareigenda, skógar- og viðariðnaðar, stjórn mála, háskóla og annarra rannsóknastofnana, skógfræðinga og skógverktaka o.s.frv. Flestir frá Þýskalandi, auðvitað, en einnig þó nokkrir frá öðrum Evrópulöndum. Á fundi skógræktarfélaganna voru svo að þessu sinni mættir fulltrúar frá átta löndum. Þessa fimm daga sem fulltrúar Skógræktarfélagsins voru í Þýskalandi var því mikið rætt um skóga og skógrækt, frá ýmsum sjónarhornum og út frá ýmsum forsendum, enda aðstæður skógræktar mismunandi eftir löndum og fólk ekki alltaf sammála um allt, eins og gengur.

Eitt var þó sem allir gátu verið sammála um og það var yfirskrift fundarins – *Heimurinn þarfnast skóga*. Skógarnir gera nefnilega svo margt fyrir okkur. Þeir bæta loftslag, binda jarðveg og draga úr rofi og uppblæstri lands, miðla og hreinsa vatn, brjóta niður vind og búa til skjól, eru búsvæði ótal dýra- og plöntutegunda, eru vinsælir til margvíslegrar útiveru og eru uppspretta ótal afurða.

Eftir Parísarfundinn 2015 hafa loftslagsbætandi áhrif skóga sérstaklega verið í umræðunni, enda skógar ein leið til að draga úr magni gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Hefur til dæmis ný stjórn í Nýja-Sjálandi sett sér það markmið að gróðursetja 100 milljón tré á ári næstu tíu árin, gagngert til að bregðast við loftslagsbreytingum. Er það um 21 tré á hvern íbúa, eða sem samsvarar rúmlega 7 milljónum trjáa hérlandis. Væri það fyllilega raunhæft markmið fyrir Ísland líka, en hér voru mest settar niður rúmlega 6 milljón plöntur árið 2007, þannig að þessi fjöldi er alls ekki eitthvað sem er langt frá því að vera hægt hér. Þvert á móti. Einhverjum kann kannski að finnast þetta mikið, að með þessu væri verið að „drekka“ landinu í skógi. Horfum þá aftur til Nýja-Sjálands til samanburðar. Þótt íbúar Nýja-Sjálands séu um fjórtán sinnum fleiri en við Íslendingar er flatarmál Nýja-Sjálands bara tæplega þrisvar sinnum meira. Af því er um þriðjungur friðaður (samanborið við um fimmtung hérlandis). Auk íbúafjöldans deila Nýsjálendingar landinu með um 28 milljónum sauðfjár (samanborið við tæplega 500.000 hérlandis). Ef Nýsjálendingar telja sig geta séð af landi undir skóg sem bætist í 100 milljónir trjáplantna árlega ættum við auðveldlega að geta bætt við 7 milljónum. Það má einnig benda á það að frá 1915 hafa verið gróðursettar um 150 milljón trjáplöntur hérlandis. Við höfum sem sagt náð því á heilli öld sem Nýsjálendingar ætla að gera á einu og hálfu ári. Eigum við ekki að taka okkur aðeins á?

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 26. árgangur, 3. tölublað 2017.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2017:

Jónatan Garðarsson formaður
Guðbrandur Brynjúlfsson varaformaður
Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Páll Ingbór Kristinsson
Sigrún Stefánsdóttir
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Jens B. Baldursson

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



f.h. frá forsiðu)

Boðið var upp á námskeið í tálgun og nýtt útigrill var tekið í notkun og boðið upp á grillaðar pylsur og meðlæti.

Unnið hefur verið að uppbyggingu útivistaraðstöðu í skóginum í Brynjudal í mörg ár, en í tilefni opunarinnar voru m.a. settar upp merkingar á trjátegundum, hlaðið upp eldstæði, vegur inn í skóginn lagaður og veglegu útigrilli komið fyrir.



Sirkus Íslands hélt uppi fjörinu meðal yngri kynslóðarinnar (Mynd: Einar Gunnarsson)



Að ofan. Benedikt Axelsson leiðbeindi gestum með tálgun og vakti það mikla lukku (Mynd: Einar Gunnarsson).

T. h. Sjálfboðaliðar sem unnu hjá Skógræktarfélagi Íslands í sumar mönnuðu nýja grillið og sáu til þess að gestir gætu snætt á grilluðum pylsum að vild (Mynd: Einar Gunnarsson).




Skógarferð til Spáanar 2018

Skógræktarfélag Íslands hefur um margra ára skeið staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund, til að fræðast um skóga og skógrækt viðkomandi lands. Ferð ársins 2018 er nú í undirbúningi, en að þessu sinni liggur leiðin til norðurlhuta Spáanar, og er stefnt að því að halda þangað í lok október – byrjun nóvember. Eins og ávallt verður blandað saman fræðslu um skóga og skógartengd málefni og almennri skoðun á náttúru og sögustöðum. Fyrirhugað er að fljúga til Bilbao, fara þaðan í rútu um skóga og þjóðgarða í Pýrenea-fjöllunum og enda ferðina í menningarborginni Barcelona með flugi þaðan heim. Á leiðinni má sjá ýmsar gerðir skóga, frá furuskógum til beykiskóga.

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Hafið samband við Skógræktarfélag Íslands á netfangið skog@skog.is eða í síma 551-8150.

(Myndir: Juan Manuel Rubiales).



Fræðsluferð til Bresku-Kólumbíu og Alberta í Kanada

Skógræktarfélag Íslands hefur í nær þrjá áratugi staðið fyrir fræðsluferðum til hinna ýmsu landa. Nú í ár var haldið vestur, til Alberta og Bresku-Kólumbíu í Kanada og lögðu rúmlega fimmtíu manns land undir fót nú í september.

Flogið var til Edmonton í Alberta, ekið þaðan um skógi klædd Klettafjöllin yfir til Kyrrahafsstrandarinnar og siglt þar yfir til Vancouver-eyju, þar sem gist var tvær nætur, áður en haldið var aftur til meginlandsins og flogið heim frá Vancouverborg. Farið var um marga þjóðgarða, þeirra þekktasta Banff- og Jasper þjóðgarðana, heimsótt rannsóknastöð skógræktar og frægarður í bænum Vernon, skoðað skógasafn og farið í hinn heimsfræga garð, Butchart Gardens, á Vancouver-eyju.

Ítarlegri ferðasögu og upplýsingar um skógamál í Bresku-Kólumbíu má lesa í 2. tölublaði Skógræktarritsins 2017.



Landslag á stórum hluta leiðarinnar einkenndist af háum, skógi klæddum fjöllum og voru þar barrtré einna algengust (Mynd: RF).



„Sokkni garðurinn“ (Sunken garden) í Butchart Gardens garðinum er fallegur á að líta og ótrúlegt að hugsa til þess að honum var komið upp í gamalli námu (Mynd: RF).



Ward B. Strong (fyrir miðju) hjá Kalamalka Forestry Centre rannsóknastöðinni í Vernon fræðir ferðalangana um trjáræktartilraunir stöðvarinnar (Mynd: RF).



Einkennisdýr sléttunnar - vísundar (Mynd: RF).



Skógar í útjaðri Jasper bæjar í Jasper-þjóðgarðinum. Viða mátti sjá stóra fláka af skógum rauðbrúnum að lit og er það barkarbjalla sem veldur þessum skaða á trjánum, en Breska-Kólumbía hefur glímt við röð slíkra faraldra á undanförunum árum (Mynd: RF)

Global ReLeaf styrkur

Skógræktarfélag Íslands, í samstarfi við Skógræktarfélag Eskifjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk í fyrra styrk til gróðursetningar úr *Global ReLeaf Partnership for Trees* verkefninu, sem er samvinnuverkefni American Forests og Alcoa Foundation. Hefur félagið fengið slíka styrki áður – árin 2011 og 2015 (þá í samstarfi við Skógræktarfélag Reyðarfjarðar).

Aftur var sótt um styrk fyrir árið 2017 í samstarfi við Skógræktarfélag Eskifjarðar og var að þessu sinni hægt að sækja um styrk til eins til þriggja ára. Sótti Skógræktarfélagið um styrk til þriggja ára og fékk hann, þannig að félögin tvö munu fá úthlutað úr Global ReLeaf – verkefninu árin 2018 og 2019 einnig. Er það kærkomin búbot fyrir bæði félögin.

Var styrkurinn nú í ár nýttur til gróðursetninga á Eskifirði og á Úlfjótssvatni. Á Eskifirði var megnið af plöntunum sett niður af teymi fimm sjálfboðaliða á vegum European Volunteer Service, sem unnu hjá Skógræktarfélagi Íslands í sumar, auk þess sem heimamenn lögðu sitt af mörkum. Fyrirhugað er svo að boða til sjálfboðaliðagróðursetningar á Eskifirði í samstarfi við Alcoa á Íslandi næsta vor. Sömu sjálfboðaliðarnir voru svo í gróðursetningum á Úlfjótssvatni, auk þess sem hluti plantnanna var nýttur í gróðursetningu með fulltrúum frá sendiráði Bandaríkjanna hér á landi og með skátum, sem sátu heimsmót skáta (*World Scout Moot*) á Úlfjótssvatni (sjá hér til hliðar).



Skátar gróðursetja

Skógræktarfélag Íslands á jörðina Úlfjótssvatn á móti Bandalagi íslenskra skáta og Skátasambandi Reykjavíkur og eiga þessir aðilar í góðu samstarfi. Nú síðla sumars var haldið heimsmót skáta (*World Scout Moot*) á Úlfjótssvatni og var einn viðburður í boði á mótinu gróðursetning með Skógræktarfélagi Íslands. Mættu alls um 55 skátar, frá hinum ýmsu löndum, til að gróðursetja og settu skátarnir niður á fjórða þúsund plöntur af lerki, sitkagreni, blágreni og stafafuru.



Jón Ásgeir Jónsson, starfsmaður Skógræktarfélags Íslands, leiðbeinir skátum um gróðursetningu (Mynd Borja Rodriguez Herrero).



Skátar í gróðursetningu undir handleiðslu Nicolò, eins sjálfboðaliða sem vann hjá Skógræktarfélagi Íslands í sumar (Mynd Borja Rodriguez Herrero).

T. v. efri. Sjálfboðaliðarnir tilbúnir til gróðursetningar á Eskifirði (Mynd: JÁJ).

T. v. neðri. Gróðursetning í fullum gangi á Eskifirði. Ef vel er rýnt í myndina má sjá þrjá af sjálfboðaliðunum á ferðinni (Mynd: JÁJ).

100 ára afmæli Einars G. E. Sæmundsen

Í ár eru 100 ár frá fæðingu Einar G.E. Sæmundsen, sem gegndi stöðu framkvæmdarstjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur árin 1948-1969 og var sá fyrsti til þess að gegna þeirri stöðu hjá félaginu. Þetta voru miklir umbrotatímar í sögu félagsins þar sem m.a. Heiðmörk var stofnuð og hafin var ræktun á skóginum í Öskjuhlíð. Einar skipar því mikilvægan sess í sögu Skógræktarfélags Reykjavíkur. Sunnudaginn 17. september hittist rúmlega 70 manna hópur af ættingjum og vinum til þess að minnast hans í gamla sal Elliðavatnsbæjarins.

Einar Guðmundur Einarsson Sæmundsen fæddist þann 18. september 1917 á Þjótanda í Villingaholtshreppi. Hann ólst upp við skógrækt, enda sonur Einars E. Sæmundsen, skógræðings og skógarvarðar á Suðurlandi. Einar fetaði í fótspor föður síns og stundaði skógræktarnám í Danmörku og Noregi. Eftir námið gegndi Einar stöðu skógarvarðar fyrir Norðurland árin 1940-1947, en varð skógarvörður á Suðvesturlandi 1948



Hópurinn sem hittist þann 17. september á Elliðavatni (Mynd. Einar E. Sæmundsen).

og gegndi þeirri stöðu þar til hann lést í bílslysi 15. febrúar 1969. Á skógræktarferlinum kom hann að mörgum framfaramálum s.s. skjólbeltarækt og fyrstu bændaskógaáætluninni, Fljótsdalsáætlun, sem síðar varð að Héraðsskógaáætluninni.

Gróðursetning í samstarfi við sendiráð Bandaríkjanna

Fulltrúar frá sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi hafa síðustu þrjú komið í heimsókn til Skógræktarfélags Íslands og gróðursett trjáplöntur með starfsfólki þess og sjálfboðaliðum. Kom sendiráðsfólk í fjórða sinn nú í sumar að gróðursetja og var gróðursett á Úlfljótuvatni nú, eins og undanfarin þrjú ár. Mætti um fimmtán manna hópur í blíðviðri í ágúst og setti niður sitkagreni, lerki og stafafuru.



Að ofan. Stórir sem smáir lögðu hönd á plóg (eða hönd á geispu) við gróðursetninguna, enda er margur knár þótt hann sé smár og gróðursetning verk sem allir aldurshópar geta tekið þátt í (Mynd: Borja Rodríguez Herrero).



T. v. Gróðursetningahópurinn að loknu góðu verki, en hópurinn setti niður um 1000 plöntur (Mynd: Borja Rodríguez Herrero).

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2017

Skógræktarfélag Íslands hélt sinn 82. aðalfund dagana 25. – 27. ágúst í Stórutjarnaskóla og var það Skógræktarfélag S-Þingeyinga sem var gestgjafi fundarins. Vel var mætt á fundinn, sem tókst mjög vel. Að venju var boðið upp á vettvangsferðir og áhugaverð fræðsluerindi, auk hefðbundinna aðalfundarstarfa. Farið var í tvær vettvangsferðir; annars vegar til Húsavíkur og í Fossselsskóg, en hins vegar í Vaglaskóg. Einnig voru fimm félagar í Skógræktarfélagi S-Þingeyinga heiðraðir fyrir störf í þágu skógræktar, þau Atli Vigfússon, Álfhildur Jónsdóttir, Dagur Jóhannesson, Indriði Ketilsson og Ólafur Eggertsson. Nánar má lesa um fundinn á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is/adalfundur.



Agnes Þórunn Guðbergsdóttir, formaður Skógræktarfélags S-Þingeyinga, ávarpar fundargesti við setningu aðalfundarins (Mynd: RF).



Að ofan. Heiðraðir félagar: F. v. Ólafur Eggertsson, Indriði Ketilsson, Dagur Jóhannesson, Álfhildur Jónsdóttir, Atli Vigfússon og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, sem afhenti viðurkenningarnar (Mynd: Hrefna Einarisdóttir).

Að neðan. Í Vaglaskógi var fundargestum boðið upp á ljúffengar eldbakaðar lummur (Mynd: RF).



Stór hluti aðalfundar eru spjall og viðræður við félaga í öðrum skógræktarfélögum og er fundurinn mikilvægur félagslegur vettvangur fyrir skógræktarfélögin (Mynd: RF).



Fundargestir njóta skógarins og veðurbliðunnar í Kvennabrekku í Fossselsskógi, þar sem gestgjafarnir buðu upp á gómsæta súpu, að mestu gerða úr afurðum úr héraði (Mynd: RF).

Yrkja / Brekkutré

Hvers vegna og upphafið

Í ár eru 20 ár frá fyrstu gróðursetningu í Háubrekku á vegum Grunnskólans á Blönduósi, nú Blönduskóla, undir formerkjum verkefnisins Yrkja/Brekkutré. Yrkjuverkefnið varð til upp úr sölu bókarinnar *Yrkja* árið 1990, í tilefni 60 ára afmælis Vigdísar Finnbogadóttur, þáverandi forseta Íslands, en afrakstur sölu bókarinnar var nýttur til stofnunar sjóðsins Yrkja – sjóðs æskunnar til ræktunar landsins, sem úthlutar á hverju ári trjáplöntum til grunnskólabarna til gróðursetningar. Hefur Skógræktarfélag Íslands umsjón með sjóðnum og situr undirritaður, Páll Ingbór Kristinsson, í stjórn sjóðsins.

Plöntun hófst á vegum margra skóla árið 1992 en á Blönduósi var ekki áhugi fyrr en haustið 1997. Mikið átak var sett í gang við skólann á fyrstu árum eftir að plöntun hófst og tóku allir nemendur þátt. Nú hafa verið gróðursettar um 8 þúsund plöntur af um 30 tegundum.



Nemendur úr 2. bekk Blönduskóla með Þórnari kennara sínum í Vetrarklauf árið 2000 (Mynd: PIK).

Gróðursett hefur verið í Háubrekku, Vetrarklauf, Miðholtsbrekku og út í Vatnahverfi. Í upphafi var Foreldrafélag Grunnskólans á Blönduósi með í verkinu og sendi það bréf inn á öll heimili grunnskólabarna með umsjónarmanni og áttu foreldrar/forráðamenn að merkja við hvað margir kæmu frá heimilinu. Þátttaka var góð og var verkefnið kynnt undir heitinu „Brekkutré - dagur trjáræktar grunnskólanema“.

Erfitt hefur verið að rækta trjágróður í Háubrekku en þar voru sauðfé og fuglar að skemma trén en einnig eru skilyrði mun verri þar en í Vetrarklauf. Vorið 2008 var hæsta birkið 1,2

m í Háubrekku en þar hófst gróðursetning haustið 1997. Nú á haustdögum mældist hæsta birkið 2,33 m eða tæpur 12 cm vöxtur að meðaltali á ári.



Ungur nemur, gamall temur. Formaðurinn reynir að miðla þekkingu til framtíðar skógræktarfólks (Mynd: Róbert D. Jónsson).

Vorið 1999 voru fengnir nokkrir styrktaraðilar á Blönduósi til að koma verkefninu af stað í Vetrarklauf. Þeirra hlutverk var að borga fyrir stærri tré sem voru upp undir 90 cm há en ekki 10 – 15 cm eins og bakkaplönturnar. Send voru bréf á vegum grunnskólans til nítján fyrirtækja og stofnana. Jákvætt svar kom frá sjö fyrirtækjum sem teljast þá stofnendur skógarreitsins í Vetrarklauf með Grunnskólanum á Blönduósi, auk undirritaðs sem hefur gefið ýmsar nýjar tegundir. Gefin voru 19 tré. Hæsta birkið frá fyrstu gróðursetningunni er orðið 3,85 m eða rúmlega 20 cm vöxtur að meðaltali á ári. Hæsta tréð í Vetrarklauf er alaskaösp sem er orðin 7,1 m en t.d. sitkagreni, sem var fyrirtækjagjöf, er orðið 4,2 m.

Í Vetrarklauf er kominn fallegur skógarreitur sem er orðinn meira en mannhæðar hár og með mörgum tegundum, en um 30 tegundir af trjákenndum plöntum eru komnar í brekkuna, þó mest áberandi séu birki og grenitegundir. Meðal nýrra tegunda sem erfitt er að rækta eru eik, broddhlynur og alaskaeppli.

Leikskólinn Barnabær hefur einnig komið að gróðursetningu á svæðinu og komu t.d. í Vetrarklauf á fyrsta gróðursetningarári. Vegna nálægðar við leikskólann er svæðið gott sem útikennslusvæði. Nú á haustdögum hafa nemendur í 3. og 4. bekk Blönduskóla hafið smíði á blýöntum og er efniviður í þá sóttur í skógarreitinn í Vetrarklauf.



Nemendur úr 1. og 2. bekk læra af Þórhöllu skólastjóra og Arnari bæjarstjóra (Mynd: PIK)

Úr dagbók afmælisgróðursetningar

Miðvikudagurinn 25. október 2017. Snjólaust nema efst í fjöllum og varla komið frostnótt á Blönduósi það sem af er hausti og vetri. Stutt síðan hægt var að týna ófrosin krækiber. Góð fræmyndun á birki, alaskaösp og fleiri tegundum. Hæg norðlæg átt, hiti 7,5 gráður og skýjað í Vetrarklauf. Besta veðrið í nokkurn tíma.

Úr Blönduskóla komu 1. – 8. bekkur ásamt kennurum og öðrum starfsmönnum. Fyrsti hópurinn kom rétt fyrir kl. 10 og síðasti lauk verki rétt um kl. 14. Með fyrsta hópnum voru Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri og Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri. Þeirra hlutverk var að gróðursetja fyrstu tvær plönturnar með nemendum í 1. og 2. bekk.

Blönduskóli fékk 192 plöntur frá Sólskógum af sitkagreni í gegnum verkefnið Yrkju en var skráð fyrir 400 plöntum af birki. Gróðursettar



Mikil einbeiting við gróðursetninguna (Mynd: Róbert D. Jónsson).

voru 72 greniplöntur með hrossataði. Einnig voru gróðursettar 11 pottaplöntur sem voru keyptar sérstaklega fyrir daginn og til að auka fjölbreytni í skógarreitnum.

Ýmislegt fleira var gert í tilefni dagsins. Flutt voru ljóð sem samin voru af börnum í Blönduskóla árið 2012 fyrir ljóðasamkeppni á vegum Yrkjusjóðsins og sett var upp upplýsingafjöl með myndum frá fyrstu gróðursetningunni.

Margar ánægjustundir hefur undirritaður átt með börnum og starfsfólki Blönduskóla á þessum 20 árum og er stoltur að vera þátttakandi með þeim í að auðga landið, binda koltvísýring og eiga ánægjustundir með þeim.

Undirritaður hefur haft umsjón með verkefninu frá upphafi og fagleg þekking komið frá Skógræktarfélagi Austur – Húnavetninga.



Nemendur úr 1. og 2. bekk Blönduskóla með skólastjóra, bæjarstjóra, kennurum og formanni Skógræktarfélags Austur-Húnavetninga (Mynd: PIK).

*Páll Ingbór Kristinsson,
eftirlitsmaður eigna hjá Blönduósbæ og
formaður Skógræktarfélags Austur-Húnavetninga*

Skógræktarfélag Kópavogs - fjölgun félaga í Skógræktarfélaginu er ánægjuefni

Starfsemi Skógræktarfélags Kópavogs hefur gengið vel það sem af er þessu ári, en helstu verkefni sumarsins voru umhirða og útleiga á grillaðstöðu í Guðmundarlundi, umsjón og skipulagning á vinnu fyrir félagsþjónustu Kópavogs, plöntun á trjáplöntum í landi Kópavogs og að Fossá, fræðslufundir og undirbúningur á jólatrjáasölu.

Það er gleðiefni að félögum hefur fjölgað í skógræktarfélaginu og er fyrirhugað að fara í enn frekari aðgerðir til að fjölga félögum eftir áramót, það er nefnilega áhugavert að vera í Skógræktarfélagi Kópavogs. Félagsgjaldinu er í hóf stillt og félagsaðild veitir afslætti hjá völdum fyrirtækjum sem tengjast almennum gróðurvörum og garðplöntum og gefur kost á jólatré á hagstæðu verði.



Tröpputrén sívinsælu njóta sín vel sem skreyting fyrir utan hús fólks og þar sem stafafura er mjög barrheldin halda þau sér vel langt fram á nýtt ár (Mynd: BJ).



Náð í torgjólatré á Fossá. Torgtrén setja mikinn jólalegan svip á þéttbýlið fyrir jólin (Mynd: BJ).

Unnar voru rúmlega 8.000 vinnustundir með Félagsþjónustu Kópavogs og voru starfsmenn 30 þegar flest var. Vinnan hjálpar mörgum sem einhverra hluta vegna eru ekki á almennum vinnu-markaði; er þessi samvinna við Kópavogsbæ mjög góð og vonandi verður framhald á henni. Unnið var á Selfjalli, Selhól, Vatnsendaheiði og Fossá auk Guðmundarlundar. Plantað var á árinu rúmlega 10.000 trjáplöntum.

Fræðslufundur var haldin 26. október um uppgræðsluna á Hólasandi. Þröstudur Eysteins-

son skógræktarstjóri flutti í máli og myndum erindi um árangur af uppgræðslu á Hólasandi og var það stórfróðlegt og skemmtilegt. Eftir erindið hjá Þresti voru líflegar umræður, mæltist þetta vel fyrir og var aðsókn mjög góð. Næsti fræðslufundur verður 4. desember og mun Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, vera með erindi um „Nú er upplagt tækifæri til að stækka skóga Íslands!“. Mun hann nálgast þetta mál út frá aðgerðum í loftslagsmálum.

Skógræktarfélag Kópavogs sér Kópavogsbæ fyrir nokkrum torgjólatrjám og voru þau sótt að Fossá. Það var öflug sveit stjórnarmanna sem sá um fellinguna trjáanna. Einnig útbúum við svo kölluð tröpputrén sem fólk getur haft við anddyri að híbýlum sínum um jólin, tré þessi eru til sölu í Garðheimum og fleiri stöðum. Jólatré í Kringlu Alþingis er frá Skógræktarfélagi Kópavogs að venju og er það sérlega fallett í ár.

Stjórn Skógræktarfélags Kópavogs óskar öllum félagsmönnum skógræktarfélaganna og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!

*Bernhard Jóhannesson,
formaður Skógræktarfélags Kópavogs*

Endurvinnsluskógur í Kollafirði

Föstudaginn 22. september undirrituðu Skógræktarfélag Reykjavíkur og Íslenska gámafélagið viljayfirlýsingu um samstarf um skógrækt á um 25 hektara svæði á Esjumelum í landi Kollafjarðar. Verkefnið mun bera nafnið Endurvinnsluskógur og markmið þess verður að sýna á raunverulegan hátt fram á umhverfislegan ávinning endurvinnslu á pappa og pappír. Hraði skógræktarinnar mun stjórna af magni pappa og pappírs sem berst til Íslenska gámafélagsins. Reiknað er með að plöntun taki 3 til 5 ár.

Skógurinn verður hannaður með það fyrir augum að almenningur, fyrirtæki og stofnanir geti fræðst á skemmtilegan hátt um endurvinnslu og leiðir sem hægt er að fara til að minnka vistspor. Stígur um svæðið mun leiða gesti á milli fræðslurjóðra og gert verður ráð fyrir svæði fyrir fyrirlestra undir berum himni.

Skógurinn verður í eigu Skógræktarfélags Reykjavíkur og félagið mun hafa umsjón með gróðursetningu á svæðinu.

Efri mynd: Þröstur Ólafsson (t. h.), formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur og Haukur Björnsson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, undirrita viljayfirlýsinguna (Mynd: Aðalsteinn Sigurgeirsson).



Neðri mynd: Endurvinnsluskógarhópurinn (f. v.): Gústaf Jarl Viðarsson, skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur; Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur; Þröstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur; Haukur Björnsson, forstjóri Íslenska gámafélagsins og Birgir Kristjánsson, framkvæmdastjóri umhverfissviðs Íslenska gámafélagsins (Mynd: Aðalsteinn Sigurgeirsson).

Frá Skógræktarfélagi Eyrarsveitar



Nú á haustdögum lagði RARIK 66 KV háspennu-jarðstreng milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar. Loftlínan verður lögð niður og með jarðstreng og byggingu nýrra tengivirkja eykst áreiðanleiki svæðiskerfisins á Vesturlandi og afhendingaröryggi raforku batnar á Snæfellsnesi.

Þessu fylgdi mikill uppgröftur á þessari löngu leið. Grafið var í gegnum skógræktarsvæðið í Brekkuskógi ofan byggðar í Grundarfirði og gegnum trjásafnið sem Skógræktarfélag Eyrarsveitar er að koma upp. En allt fór vel fram og í samráði við félagið voru tré flutt til með rótarhnausum og í lok framkvæmda sett niður aftur og samskipti við verkaðila og frágangur til fyrirmyndar (Mynd: Gunnar Njálsson).

Svipmyndir skógræktar 2017



Leikskólinn Suðurvellir fór í útskriftarferð í maí á Háabjalla, svæði Skógfells skógræktarfélags. Fengu krakkarnir afhenta birkiplöntu með útskriftarkveðju frá Skógfelli og settu krakkarnir síðan plöntuna niður í sérstökum leikskólalundi (Mynd: Oktavía Ragnarsdóttir).



Það eru mjög fjölbreyttar fyrirspurnir sem berast til Skógræktarfélags Íslands. Í byrjun nóvember hafði samband ung kona, Arpana Rayamahji, að nafni, sem ættuð er frá Nepal en býr í Bandaríkjunum. Hún var í sinni fyrstu Íslandsheimsókn, í tilefni þritugsafmælis síns, og var að forvitnast hvort möguleiki væri á að fá að gróðursetja tré á afmælisdeginum, sem er 9. nóvember. Starfsmenn Skógræktarfélagsins brugðust vel við og fengu hún og kærastinn hennar að kíkja í heimsókn upp í skóginn í Brynjudal í Hvalfirði, þar sem verið var að vinna, og setja niður plöntur. Voru skötuhiúin alsæl með heimsóknina og að geta hjálpað aðeins til við endurheimt skóga á Íslandi (Mynd: EG).



Skógræktarfélag Íslands var nú þriðja árið í röð með fimm sjálfboðaliða í vinnu yfir sumarið, sem komu á vegum European Voluntary Service, sem er hluti Erasmus+ verkefnis Evrópusambandsins. Voru þau hjá félaginu í fimm mánuði, frá byrjun maí til loka september. Sinnu þau ýmsum verkefnum, bæði í löndum Skógræktarfélags Íslands og hjá nokkrum aðildarfélögum þess. Voru þau kvödd með virktum í lok september, en ekki er laust við að starfsfólk Skógræktarfélagsins sakni þeirra, enda var þetta sérlega samheldinn og skemmtilegur hópur. Skógræktarfélag Íslands segir því takk fyrir okkur við þau (f. v.): Nicolò Sacco frá Ítalíu, Ewa Oldakowska og Karol Krzysik frá Póllandi, Zuzana (Zuzka) Šenoldová frá Tékklandi og Borja Rodríguez Herrero frá Spáni (Mynd: Borja Rodríguez Herrero).



Skógræktarfélag Borgarfjarðar stóð fyrir ljósagöngu um skóginn í Reykholti á kjördag, laugardaginn 28. október. Var það Óskar Guðmundsson, formaður Skógræktarfélagsins, sem leiddi gönguna, en reyndar var yngri kynslóð göngugesta ekki endilega að fylgja stígnum, því svo gaman var að vera úti í skógi í myrkrinu! Þess má til gamans geta að þetta var annað árið í röð sem Skógræktarfélagið bauð upp á slíka göngu á kjördag (Mynd: RF).

Svipmyndir skógræktar 2017



Á Jólamarkaðinum í Heiðmörk hefur myndast sú hefð að hafa þar stórt og fallegt jólatré á „torginu“ (hlaðinu við Elliðavatnsbæinn) sem myndlistarmenn skreyta og er ávallt fenginn nýr listamaður til að spreyta sig á skreytingunni. Á þessu sinni var það Lóa Hlin Hjálmtýsdóttir sem sá um skreytinguna og er hún sérlega vel heppnuð – litrík, passar vel á stórt tré og bæði hreyfist og heyrir í henni þegar aðeins blæs um svæðið (Mynd: RF).



Skógur samanstendur ekki bara af trjám, þar má líka finna margvislegan annan lágvaxnari gróður. Ein af þeim plöntutegundum sem þrífast vel í skógarskjólinu eru hindber og eru þau skemmtileg viðbót við skógarbotnsflórana, fyrir þá sem hafa áhuga á að fjölga tegundum í skóginum hjá sér. Ekki spillir fyrir að hægt er að gæða sér á gómsætum berjum á haustin! (Mynd: Laufey B. Hannesdóttir).



Það er að ýmsu að huga fyrir jólin. Hjá þeim skógræktarfélögum sem selja jólatré og/eða ýmislegt skreytiefni fyrir jólin byrja jólin snemma, því safna þarf saman efniviðnum úr skóginum og framleiða það sem á að selja. Hér er það Jökull Gunnarsson, starfsmaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, sem stendur við hin myndarlegustu tröpputré, sem Skógræktarfélagið selur (Mynd: Árni Þórólfsson).




Smávegis afsnjó getur sett fallegan svip á tré og undirstrikað þau form sem í trénu eru (Mynd: RF).

T. h. Það er ekki bara mannfólkið sem nýtur skjóls og fegurðar skóganna að vetrarlagi - ýmsir aðrir gestir eiga einnig leið þar um og nýta skógin á sinn hátt (Mynd: RF).



Jólaskógar skógræktarfélaganna



Mörg skógræktarfélög bjóða fólki að koma í skóginn og fella sér jólatré nú í ár, auk þess sem sum félög hafa felld tré í sölu. Hefur slík sala á jólatrjám ýmsa kosti í för með sér. Fyrir almenning gefst þarna tækifæri fyrir fjölskyldur og vini að eiga skemmtilega samverustund í skóginum, njóta fallegs umhverfis og góðrar útiveru og jafnvel kynnast nýjum skógum. Skógræktarfélögin fá af þessu tekjur sem nýtast til umhirðu skóganna og uppbyggingar aðstöðu í þeim. Svo eru líka jólatré úr íslenskum skógum umhverfisvænni en plastjólatré eða lifandi tré flutt langar leiðir frá öðrum löndum. Eftirfarandi er listi yfir þau félög sem verða með jólatrjáasölu héðan í frá. Nánari upplýsingar um jólaskógana má svo nálgast á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is/jolatre.

Skógræktarfélag Akraness er með jólatrjáasölu í Slögu sunnudagana 3., 10., og 17. desember, kl. 12-15.

Skógræktarfélag Austurlands er með jólatrjáasölu í Eyjólfsstaðaskógi sunnudaginn 17. desember kl. 12-15.

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga er með jólatrjáasölu í Gunnfríðarstaðaskógi helgina 16.-17. desember kl. 11-15.

Skógræktarfélag Árnesinga er með jólatrjáasölu að Snæfoksstöðum helgarnar 9.-10. og 16.-17. desember, auk dagana 21.-23. desember kl. 11-16.

Skógræktarfélag Borgarfjarðar er með jólatrjáasölu í Reykholti laugardaginn 9. desember kl. 11-15 og í samvinnu við Björgunarsveitina Heiðar í Grafarkoti helgina 16.-17. desember kl. 11-16.

Skógræktarfélag Eyfirðinga er með jólatrjáasölu í Laugalandsskógi helgarnar 9.-10. og 16.-17. desember kl. 11-15.

Skógræktarfélag Eyrarsveitar er með jólatrjáasölu í Brekkuskógi og Eiðisskógi frá 17. desember.

Skógræktarfélag Garðabæjar er með jólatrjáasölu í Smalaholti laugardaginn 16. desember kl. 12-16.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar er með skreytinga- og jólatrjáasölu í Þöll virka daga í desember og helgarnar 9.-10. og 16.-17. desember kl. 10-18.

Skógræktarfélag Ísafjarðar er með jólatrjáasölu í reit ofan Bræðratungu laugardaginn 16. desember kl. 13-15.



Skógræktarfélag Skilmannahrepps er með jólatrjáasölu í Álfholtsskógi helgina 16.-17. desember kl. 12-16.

Jólatrjáasala Skógræktarfélaga Kópavogs, Mosfellsbæjar, Kjalarness og Kjósar er á Fossá í Hvalfirði helgarnar 9.-10. og 16.-17. desember kl. 10-16.

Skógræktarfélag Íslands tekur á mót fyrirfyrirtækjahópum í skóginum á Ingunnarstöðum í Brynjudal.



Skógræktarfélag Mosfellsbæjar er með jólatrjáasölu í Hamrahlíð við Vesturlandsveg 9.-23. desember, kl. 10-16 um helgar og kl. 12-18 virka daga.

Skógræktarfélagið Mörk er með jólatrjáasölu í Stóra-Hvammi, Fossi á Síðu, laugardaginn 17. desember kl. 13-15.

Skógræktarfélag Rangæinga er með jólatrjáasölu í Bolholtsskógi sunnudaginn 17. desember kl. 13-16.

Skógræktarfélag Reykjavíkur er með jólatrjáasölu á Jólamarkaðnum á Elliðavatni helgarnar 25.-26. nóvember, 2.-3., 9.-10. og 16.-17. desember kl. 12-17 og í Jólaskóginum á Hólmsheiði helgarnar 9.-10. og 16.-17. desember kl. 11-16.

Skógræktarfélag Skagfirðinga er með jólatrjáasölu í Hólaskógi og skógarreit við Varmahlíð sunnudaginn 17. desember kl. 12-15.



Barnahornið - lausn gátu í 2. tbl. Laufblaðsins 2017



Ljóðahornið

Skógræktarfélag Íslands fær ýmsa áhugaverða pósta senda varðandi hin ýmsu skógar- eða trjátengdu mál. Nú í haust barst félaginu hið skemmtilegasta dróttkvæði, þar sem minnst er á málefni sem nokkuð hefur verið í umræðunni, sérstaklega varðandi tiltektna trjátegund.

Ef fleiri luma á ljóðum, sérstaklega frum-sömdum, um skóga og tré sem áhugi er á að birta í Laufblaðinu má senda þau til ritsjóra á netfangið rf@skog.is.

Dróttkvæði

Ég espa móti öspum.
Inn í rör sig vinna,
örar rennsli rýra,
ræfilsleiðslu ei hæfa.
Með trjám mér sýnumst saman
sinna góðri vinnu
þar þéttbýlt þó ei ættum
þjappa ösp af kappi

Philip Vogler, Egilsstöðum

Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRIÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!

